**Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu** (sfl.)

# Hvað er sfl.?

- Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu er „Financial Intelligence Unit“ (FIU).
- FIU starfrækt í einhverri mynd í nær öllum ríkjum sem taka þátt í alþjóðlega fjármálakerfinu og undantekningarlaust í öllum vestrænum ríkjum.

- FIU nokkurskonar „millistykki“ milli tilkynningarskyldra aðila og stjórnvalda:
  - Tekur á móti tilkynningum um grun um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
  - Aflar upplýsinga um grunsamleg viðskipti.
  - Upplýsir lögbær stjórnvöld um atvik þar sem rökstuddur grunur er um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

# verkefni sfl.

- **Aðgerðagreiningar:**
  - Allar hreyfingar og vörslur fjármuna sem hafa *tengsl* við ætlaða refsiverða háttsemi.
  - Þvættishugtakið er skilgreint fremur rúmt í íslenskum lögum.
  - Skiptir ekki máli hvers eðlis frumbrot er.
  - Greiningarskýrsla upplýsir lögbært stjórnvald um grunsemdir sfl.

- **Stefnumiðaðar greiningar:**
  - Safna upplýsingum um þvættisaðferðir, þróun aðferða og þvættismynstur.
  - Fela yfirleitt í sér greiningu á því hvort og þá hvaða veikleikar í aðgerðum gegn peningaþvætti gera tilteknar aðferðir mögulegar eða algengar.
  - Eru oft grundvöllur upplýsingagjafar sfl. til stjórnvalda í tengslum við stefnumótun og áhættumat.

# Peningaþvætti

- Hugtakið „money laundering cycle“ hefur í gegnum tíðina verið notað til að lýsa fyrirbærinu peningaþvætti.
- Ferli sem samanstendur af þremur aðskildum stigum (e. „money laundering cycle“):
    - **Placement.** Fjármunum t.d. reiðufé komið fyrir eða inn í bankakerfið t.d. með smáum reiðufjárinnlögnum.
    - **Layering.** Fjármunir eru færðir á milli til að draga úr rekjanleika. T.d. milli landa. Getur líka falið í sér ráðstafanir til að veita fjármunum „lögmæta ásýnd“ (millifært milli landa með vísan í lánasamning eða greiðslu fyrir vöru eða þjónustu).
    - **Integration**. Fjárfest í lögmætum eignum t.d. fasteignum, verðbréfum, verðmætum munum o.s.fr.v.

- Lagaleg skilgreining þvættis er yfirleitt önnur:
    - Fjármunir stafa frá refsiverði háttsemi. Varsla, meðferð o.s.frv.
    - Ráðstafanir til að leyna uppruna eða áframhaldandi ráðstöfun fjármuna.

# Hvað vitum við um peningaþvætti á Íslandi?

**Innlent peningaþvætti**

- Fíkniefnabrot og vsk. svik algengustu frumbrot þvættis í málaskrá sfl.
- sfl. telur að fíkniefnamarkaðurinn einn og sér velti um 20 ma. kr. á ári.
- Ekki til nægjanlega góð tölfræði til að meta umfang annarra brotaflokka sem eru hefðbundið hluti af skipulagðri brotastarfsemi.
- Evrópusambandið telur allt að 11% vsk. skyldrar veltu innan sambandsin sé svikin undan skatti.
    - Ekkert sem bendir til þess að  staðan sé frábrugðin hér á landi.

# Eftirlit – Rannsókn - Tilkynning

- Eftirlit með viðskiptum.
- Frávikum frá því sem upphaflega var áætlað eða telst eðlilegt er flaggað.
- Athugun á grunsamlegum viðskiptum beinist að frávikinu/því sem telst grunsamlegt.
- Athugun eyðir grun eða staðfestir grun.
- Gögn sem er aflað í tengslum við rannsókn/athugun taka mið af því sem er verið að athuga.
- Grunsamleg viðskipti eru tilkynnt til sfl.